

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórnar Matthías Johannessen,
Styrmir Gunnarsson.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson,
Björn Jóhannsson.
Fréttastjórnar Freysteinn Jóhannsson,
Magnús Finnsson,
Sigtryggur Sigtryggsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Askriptargjald 110 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 7 kr. eintakið.

Úthafsveiðar á laxi og Reykjavíkursamningur

Íslendingar hafa á liðnum áratugum lagt í mikinn kostnað við að rækta upp laxveiðiár sínar. Umtalsverður árangur hefur náðst á þessum vettvangi, samhliða því sem fiskeldi, fyrst og fremst silungs og lax, hefur gefið góða raun í eldisstöðvum. Íslenskar laxveiðiár hafa reynzt sterkt aðdráttarafyl fyrir innlenda og erlenda útilífs- og sportveiðimenn og eru drjúgur tekjugjafi bændum og öðrum veiðiréttareigendum. Það þarf því engan að undra að samdráttur í laxagengd í íslenskar veiðiár valdi fjölmörgum landsmönnum áhyggjum og veki þrálátar spurningar.

Hlutfall úthafsveiða af heildarafla á Atlantshafslaxi er talið vera á bilinu frá 20% upp í 25%. Fræðimenn telja og að fyrir hvert tonn af veiddum laxi í úthafinu rýrni endurheimtur til upprunalanda um 1500 kíló. Úthafsveiðar hljóta því að verða einn af fyrstu athugunar- og rannsóknarþáttunum þegar menn reyna að glöggva sig á orsökum rýrari fiskgengdar í íslenskar fiskveiðiár.

Danir hófu flótlínuveiðar á laxi út af N-Noregi kring um 1970 og fleiri þjóðir fylgdu í kjölfarið, en hámarksafli á því svæði var allt að 1000 tonnum á ári. Færeyingar hafa og um langan aldur stundað línuveiðar á laxi og hefur afli þeirra vaxið úr 20 tonnum 1973 í 1065 tonn á síðustu vertíð. Íslenska landhelgisgæzlan hefur orðið vör við danska og færeyska laxveiðibáta rétt utan íslensku fiskveiðilandhelginna, austur af Langanesi. Fóru varðskipsmenn þar um borð í færeyskan laxabát, Hamrafossur, sem hafði fengið 600 laxa á 50 km langa línu á fimm dögum. Þá mun gæzlan hafa komið að dönsku fiskiskipi 9 mílur fyrir innan 200 mílna fiskveiðimörkin, austur af Langanesi 15. febrúar sl. Báturinn lét reka við dufl en var ekki staðinn að veiðum. Skiptar skoðanir eru uppi um, hvort og þá hve mikil áhrif þessar úthafsveiðar við íslensku fiskveiðimörkin hafi á laxagengd í íslenskar ár, en á það hefur verið bent, að mest veiðifall hafi orðið í laxveiðiám í Vopnafirði, en þar út af er veiðisvæði dönsku og færeysku bátanna.

Gerður var milliríkjasamningur í Reykjavík, 18. til 22. febrúar sl., um verndun laxastofna í N-Atlantshafi, sem Íslendingar og nokkrar fleiri þjóðir hafa nú undirritað. Búið er við að fleiri þjóðir bættist í hópinn, en Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur, segir „vart við því að búast að hann öðlist gildi fyrr en eftir eitt ár í fyrsta lagi“. Í þessum samningi segir m.a., að laxveiði sé bönnuð utan 12 mílna landhelgislínu aðildarríkja EBE nema við V-Grænland, þar er bannað að veiða lax utan 40 mílna og í færeysku fiskveiðilögsögunni utan 200 mílna. Veiðar verða því naumast teknar upp á nýjum slóðum hér eftir og veiði leggst niður á alþjóðlegu hafsvæði milli Noregs og Jan Mayen. Samningurinn ætti, þegar til framkvæmda kemur, að skapa möguleika á stjórnun úthafsveiða með heildarhagsmunum fyrir augum.

Þá gaf færeyska landsstjórnin út einhliða yfirlýsingu í lok ráðstefnunnar þar sem því er heitið, að Færeyingar auki ekki laxveiðar í sjó frá því sem nú er. Einnig gaf hún fyrirheit um verulegan samdrátt í veiðum á yfirstandandi vertíð og þeirri næstu, ef samningar næðust við EBE um aðrar fiskveiðar, sem nú munu hafa tekist.

Þegar þessi Reykjavíkursamningur kemur til framkvæmda stöðvast línuveiðar Færeyinga á laxi utan eigin fiskveiðilandhelgi. Sjálfgefið ætti að vera að Íslendingar leiti beinna samninga við Færeyinga um frekari samdrátt veiða þeirra á Færejyamíðum, sem og nú þegar um veiðisókn þeirra upp að íslenskri fiskveiðilögsögu, er gengur þvert á anda Reykjavíkursamkomulagsins, sem að visu hefur ekki enn öðlazzt gildi gagnvart þeim, samanber fyrri tilvitnun í Guðmund Eiríksson, þjóðréttarfræðing.

Íslendingar hafa verið í fararbroddi bæði um að banna laxveiðar í sjó og í að rækta laxveiðiár. Reykjavíkursamningurinn er framhald á þessu forystuhlutverki og felur í sér mörg jákvæð atriði. Einnig skipun nefndar til könnunar á úthafsveiði á laxi, er hafði m.a. það verkefni „að leita færra leiða til könnunar á hlutdeild íslenska laxastofnsins í afla þeirra þjóða, sem laxveiðar stunda á norðaustanverðu Atlantshafi“. Þessi nefnd var skipuð af Pálma Jónssyni, landbúnaðarráðherra í ágúst 1981, og hefur nú skilað álit um athugunar-efni sín. Skýrsla nefndarinnar spannar vítt svið: þróun úthafsveiða á laxi á N-Atlantshafi, stjórnun úthafsveiða m.a. með hliðsjón af nýgerðum Reykjavíkursamningi, könnunarleiðir á hlutdeild íslenska laxastofnsins í afla á norðaustanverðu Atlantshafi, auk tillagna um seiddamerkingar, rannsóknir og aukið veiðieftirlit við strendur landsins.

Forsjóin hefur lagt okkur Íslendingum marga auðlindina upp í hendur til framfærslu og lífsfyllingar. Kúnstin er að nýta þær að því marki, sem höfuðstóll þeirra leyfir, en ganga aldrei á hann. Íslenski laxastofninn er ein þessara gjafa. Það er ýmissa álit að þessi stofnstandi illa um þessar mundir, sé vart yfir 500 tonn. Það gildir sama um hann og aðra verðmæta fiskstofna, sem eiga vegferð út fyrir íslensku fiskveiðilögsögu, um þá þarf að semja við aðrar viðkomandi þjóðir. Það hefur nú verið gert. Þessum samningi og öðrum verndar-áðgerðum þarf að fylgja fyrst í höfn og síðan fast eftir, hvað framkvæmdina varðar.

„Hef alltaf málað“

„ÞAD ER alltaf erfitt að útskýra eigin myndir, maður notar myndmálið mest til sjálfstjáníningar, og hver og einn verður að skynja þær á sinn hátt,“ segir Einar Hákonarson sem nú sýnir 56 olíumálverk að Kjarvalsstöðum. Blm. leit þar við rétt fyrir helgina og var Björn Th. Björnsson þá að leiða nemendur sína í listasögu gegnum salinn.

„Ég held þó, að form myndanna sé allt opnara og tján-ingarfyllra, og ég hef haldið áfram þessum hraða sem er í myndum mínum. Auk þess má segja að fleiri einstaklingar séu í myndum mínum nú en áður, sérstaklega á þetta þó við um fyrstu sýningu mína, en þar var yfirleitt bara ein fígúra.“

Málverk Einars eru flest máluð í sterkum litum, gulum, rauðum, grænum og bláum, við sjáum eina góðveðurmynd baðaða í gulum sólarlitum, í nágreinni við hana er mynd sem heitir „Spekingarnir“ en hún sýnir tvo rauðlitaða spekinga spjalla saman á fagurgrænum fleti, og blár skugginn af rauðum stólum þeirra blandast hálf í hvoru saman í augum áhorfandans og mynda nýjan lit, fjólubláan sem þó er hvergi sjáanlegur í myndfletinum. Þessi



„Alveg saklaus af því að hafa farið niður á þing, ég nota aldrei beinar fyrirmyndir dagskrár“.

mynd er líklega með litsterkustu myndun sýningarinnar. Við spyrjum Einar hvort hann hafi alltaf notað svona sterka liti. „Já, ég hef alltaf málað í sterkum litum. Annars eru hér myndir innanum sem eru ró-

legri bæði hvað snertir litaval og form.“

Stærsta myndin á sýningunni heitir „Umraður utan dagskrár“, en hún er ein 10 myndna sem þegar hafa verið seldar.

„Tekist hefur á þinginu tryggja samstöðu um halda Nordsat-málinu á“

— sagði Matthías Mathiesen

Helsinki, 5. marz. Frá Elinu Pálmadóttur blaðamanni Mbl.

„EKKI verður sagt um þetta þing Norðurlandaráðs að á því hafi verið teknar tímamótaákvæðanir. Ég hefi hins vegar fundið greinilega að hér hafa menn nú, eins og áður, unnið vel að því að samræma sjónarmið sín til samstæðrar ákvæðanatöku og sameiginlegra átaka,“ sagði Matthías Á. Mathiesen, sem setið hefur þing Norðurlandaráðs í 20 ár.

Þingmennirnir Matthías Á. Mathiesen og Sverrir Hermannsson, sem fréttamaður Mbl. talaði við um þingið við lok þess, voru sammála um að stórákvæðunarþing hefði það ekki verið. Matthías nefndi Nordsat-málið og málefni norræna fjárfestingarbankans, sem einna merkilegust og Sverrir nefndi umræðurnar um fíkniefnin.

Sverrir sagði: „Þingið hefur, þótt það hafi ekki skorið sig úr öðrum þingum, leitt í ljós að menn gera sér orðið ljósa þá geigvænlegu hættu sem stafar orðið af fíkniefnum. Það sýnir þessi geysmikla umræða er varð um málið. Að visu eru menn ekki alveg sammála um leiðirnar, en allt bendir til þess að mönnum sé nú nóg boðið og þeir eru reiðubúin til þess að takast á við þennan ógnvald. Í umræðum hafa fulltrúar ekki dregið af sér að lýsa þeim skoðunum sínum.“

Þá benti Sverrir á efnahagsmálin og sagði: „Efnahagsmálin hafa verið mikið rædd, eins og fyrri daginn, og hið geigvænlega atvinnuleysi á Norðurlöndum og það

er bjartsýnn tónn þegar menn tala um vinnumarkaðsmálin og framtíðina. Þeir sjá ekki að neitt bendi til þess að atvinnuleysið lagist, sem á rætur í orkukreppunni.“ Og Sverrir bætti við: „Mér finnst hafa farið vaxandi síðustu árin hér á þinginu samheldnisþörf þjóða — enda stöðja að erfíðleikar og það þjappar þeim saman. Þær sækja í skjól hver af annarri.“ Þá sagði Sverrir að hann væri mjög ánægður með móttökurnar, sem ræða hans um breytta framkvæmd á veitingu bókmennataverðlauna Norðurlandaráðs hefði fengið og sagði að hugmyndinni um bætt skipan úthlutunarnefndar yrði fylgt eftir.

Matthías Á. Mathiesen hefur

tekið þátt í norrænu samstarfi og setið þingið í 20 ár, — var fyrst á Helsinkifundinum, þegar Helsingfors-samningurinn um skipulagt samstarf ríkisstjórnanna á Norðurlöndum var samþykktur, já, og undirritaður, segir hann. En áður hafði um 10 ára skeið starfað Norðurlandaráð skv. samþykkt þjóðþinganna. Hann hefur því góðan samanburð, þegar hann segir að ekki hafi að þessu sinni verið teknar neinar stórákvæðanir.

„Það er ljóst að við hina öru tækniþróun er margt á því sviði sem verður einstöku landi um megn og það hvetur til sameiginlegra átaka,“ segir hann. „Menningsamstarfið á líka djúpar rætur, samstarf á öðrum sviðum fer vaxandi, en það tekur langan tíma að samræma þau sjónarmið sem fram koma og Norðurlandaráðsþingið er til þess að stjórnmálamenn geti skipst á skoðunum og það kemur fram í störfum nefnda þingsins og sameiginlegum niðurstöðum þar til áframhaldandi aðgerða. Mér finnst þetta þing hafa einkennst af því að hér hafa þau mál, sem á dagskrá hafa verið á undanförunum árum fengið umfjöllun í ljósi þeirrar reynslu og skoðunar, sem fram hefur farið frá síðasta fundi, og þeim því þok- að áfram.“